

Fundargerð 101. fundar stjórnar Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar, haldinn þann 21. desember 2015, kl. 12:00 á skrifstofu félagsins að Skógarbraut 946, Ásbrú í Reykjanesbæ.

Mættir:

Sigurður Kári Kristjánsson,

Sigrún Árnadóttir,

Fjóla Hrund Björnsdóttir,

Kjartan Þór Eiríksson, framkvæmdastjóri,

Anna Steinunn Jónasdóttir, aðstm.frkvstj. sem jafnframt ritaði fundargerð.

1. *Fundargerð síðasta fundar*

Borin upp, samþykkt og undirrituð.

2. *Tilboð í fasteignir og kaupsamingar*

Framkvæmdastjóri fór yfir minnisblað varðandi kauptilboð og kaupsamninga undir þessum lið.

a. *Þjóðbraut 838*

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu mála varðandi kaupsamninga vegna sölu á Þjóðbraut 838.

b. *Flugvallarbraut 701*

Framkvæmdastjóri fór yfir tilboð frá Ara Elíassyni og Presti Jóni Sigurðssyni fh. óstofnaðs einkahlutafélags í fasteignina að Flugvallarbraut 701. Stjórn samþykkti tilboðið og heimilaði framkvæmdastjóra að ganga frá málinu á þeim nótum sem um var rætt.

c. *Bogatröð 13 og 15*

Framkvæmdastjóri fór yfir tilboð frá Íslandshúsum ehf. í Bogatröð 13 og 15. Stjórn samþykkti tilboð frá Íslandshúsum í þessar eignir.

d. *Bogatröð 19*

Framkvæmdastjóri kynnti fyrir stjórn tilboð frá Smárabraut í Bogatröð 19. Stjórn samþykkti tilboðið.

e. *Bogatröð 21 og 27*

Framkvæmdastjóri fór yfir tilboð frá 520 ehf. í Bogatröð 21 og Bogatröð 27. Stjórn samþykkti bæði tilboðin frá 520 ehf. í þessar byggingar.

f. *Bogatröð 29*

Framkvæmdastjóri fór yfir kauptilboð í Bogatröð 29 frá fyrirtækinu BT2122. Málinu var frestað.

SA
SKK.
FHB

g. *Tilboð í eignir á Bogatröð og Klettatröð*

Framkvæmdastjóri fór yfir tilboð í eignir á Bogatröð og Klettatröð frá Hermanni Helgasyni og Gunnlaugi Ævarssyni fh. óstofnaðs félags. Stjórn hafnaði kautilboðinu.

3. *Fluglestin*

Framkvæmdastjóri kynnti fyrir stjórn þá vinnu sem unnið hefur verið að vegna verkefnisins Fluglestin milli Keflavíkurflugvallar og höfuðborgarinnar.

4. *Umboð til framkvæmdastjóra*

Umboð frá stjórn Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar til framkvæmdastjóra félagsins afgreitt.

5. *Áætlun fyrir árið 2016*

Framkvæmdastjóri lagði fram til samþykktar rekstar- og greiðsluáætlun fyrir árið 2016. Stjórn samþykkti áætlunina fyrir árið 2016.

6. *Húsnæðismarkaðurinn á Suðurnesjum*

Framkvæmdastjóri upplýsti stjórn um stöðu húsnæðismála á Suðurnesjum. Lagt var til að gera greiningu á þessum málaflokki og setja saman í skýrslu.

Framkvæmdastjóra var falið að vinna málið áfram og upplýsa stjórn um næstu skref í kjölfarið.

7. *Önnur mál*


Bogatröð 2 v. Base

Rætt var um stöðuna á máli tengt Bogatröð 2.

Engin önnur mál voru rædd undir þessum lið.

Næsti stjórnarfundur áætluður 21. janúar nk. á nýju ári.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13.30



Sigrún Amadóttir
Fjela Hund Þómsdóttir